

Víðigrund 23, 25, og 29. Breytt skipulag 23051641/501.03

Erindi: Athugasemd við grenndarkynningu frá Víðigrund 9

Við undirrituð, eigendur Víðigrundar 9 í Kópavogi, gerum hér með athugasemd við grenndarkynningu vegna breytingu á skipulagi á bílskúrlóðum Víðigrundar 23, 25 og 29.

Lóðarmörk Víðigrundar 9 liggja að áður greindum bílskúrlóðum og vegna þessa gerum við athugasemd við deiliskipulag lóðanna.

Samkvæmt teikningum þá er gert ráð fyrir að gaflveggir bílskúrana liggi alveg upp að lóðarmörkum Víðigrundar 9. Við teljum þetta skipulag hafa neikvæð áhrif á eign okkar, bæði á gróður og húsið sjálft. Í fyrsta lagi teljum við það ekki góðan kost að byggt verði upp að útvegg Víðigrundar 9 sem stendur við lóðarmörk, bæði vegna breytingu á útliti á húsinu sem við teljum verða útlitslýti og erfiðleikum til viðhalds. Í öðru lagi þá er gróinn garður og grindverk sem mun verða fyrir raski og eyðileggingu ef byggt er upp að lóðarmörkum okkar. Garðurinn er mjög gróinn og eru bæði tré innan og sem utan við lóðarmörkin, má þar til að nefna um 25 ár gömul og 7 metra birkitré sem yrði að fella miðað við teikningar.

Okkur langar að leggja fram tillögu sem vonandi verður hægt að skoða í tilliti til aðkomu okkar að lóðarmörkum.

Við munum ekki setja fyrir okkur stækkun á bílskúrlóðunum eins og er lagt er fram í breytingu á deiliskipulagi ef bílskúrnir verða færðir um 3 metra neðar á lóðina. Lengd bílskúrlóðar mælt frá grindverki/útvegg Víðigrundar 9 (lóðarmörk) og að götu eru 18,4 metrar og er því rými til þess að færa bílskúrana án óhóflegrar skerðingar á bílastæðum fyrir framan bílskúrana, stæðin yrðu um 6,7 til 7 metrar með þessari breytingu.

Með þessu væri hægt að halda aðgengi að bakhlið Víðigrundar 9 nánast óbreyttu og koma í veg fyrir áður talin áhrif á útvegg, girðingu og gróður.

Við vonum um jákvæð viðbrögð og það sé hægt að verða við þessari málamiðlun sem við leggjum fram.

Eigendur Víðigrundar 9,
Jón Baldvin Pálsson og Kristín Sigurðardóttir

Viðauki: Myndir



Mynd. 1 Bílskúrslóð Víðigrundar 23, 25 og 29.
*Brúna grindverkið tilheyrir húsi 25 og nær inná bílskúrslóð.
Græna grindverkið tilheyrir húsi 9 og stendur við/innan lóðmarmarka þess hús.
Birkitré standa um það bil 2 metra frá lóðarmörkum húss nr. 9*



Mynd 2. Bílskúrslóð Víðigrundar 23, 25 og 29.
Hvíti húsveggurinn er útveggur húss nr. 9.



Mynd 3. Lóðarmörk og grindverk hús nr. 25 og 9.



Mynd 4. Lóðarmörk og grindverk hús nr. 25 og 9.



Mynd. 5 Garður Víðigrundar 9

Horft yfir garð í norður og í að átt að bílskúrlóðum húsa 23, 25 og 29.

Aftast á mynd sést að hluta í greina grindverkið sem skilur að lóðirnar.



Mynd 6. Garður Víðigrundar 9

Nærmynd af grindverki sem stendur við lóðarmörk, horft innan frá garði nr. 9